

Kennari: Heiða Björg Árnadóttir og Ninna Stefánsdóttir

Tímafjöldi: Samþætt í öllum námsgreinum

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inni í bekk

Bekkur: 8. bekkur

## Upplýsinga- og tæknimennt

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Mikilvægt er að nemendur skilji, að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli, sem þeir efla alla ævi, bæði í námi og starfi. Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi.

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með upplýsinga- og miðlalæsi, sem þverfaglegt námssvið. Unnin eru raunhæf verkefni sem samþættast sem flestum námsgreinum og námssviðum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám.

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því. Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggjast á. Mikilvægt er að námsmat sé alhliða, nái til allra færniþátta, endurspegli hæfniviðmiðin og viðfangsefni námsins. Í námsferlinu sé metin hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Mikilvægt er að námsmat sé fjölbreytt, það byggi á virkni nemandans og þeirri afurð sem unnið er með, hvort sem er í formi ritunar, hljóðvinnslu, tónvinnslu og myndvinnslu eða annars konar miðlunar. Þannig séu metin margvísleg verkefni nemandans, svo sem framsögn, fyrirlestrar, kynningar, ritsmíð, stafræn miðlun með hljóð og mynd eða öðrum hætti. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat, sem gefur upplýsingar um hver staða nemandans er, hvort hann þurfi aðstoð og hvernig megi örva hann til frekari framfara.

## Upplýsinga- og tæknimennt

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Vinnulag og vinnubrögð		<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtir sér upplýsingaver á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.</li> <li>Vinnur sjálfstætt og tekur ábyrgð á eigin námsframvindu.</li> <li>Vinnur sjálfstætt á skapandi og gagnrýninn hátt.</li> <li>Vinnur á skapandi og gagnrýninn hátt með öðrum.</li> <li>Nýtir sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.</li> <li>Beitir rétttri fingrasetningu.</li> </ul>	
Upplýsingaöflun og úrvinnsla		<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtir hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.</li> <li>Getur nýtt sér efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.</li> <li>Beitir gagnrýnni hugsun við að veða og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra,.</li> <li>Getur unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.</li> <li>Nýtir hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmiða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.</li> <li>Getur notað hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.</li> </ul>	
Tækni og búnaður		<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtir hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.</li> <li>Nýtir hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.</li> <li>Nýtir hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.</li> </ul>	
Sköpun og miðlun		<ul style="list-style-type: none"> <li>Getur útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.</li> <li>Nýtir hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.</li> </ul>	
Siðferði og		<ul style="list-style-type: none"> <li>Sýnir ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til</li> </ul>	

öryggismál		persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu. <ul style="list-style-type: none"><li>• Nýtir rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, vinnur í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin síðferðislega ábyrgð.</li></ul>	
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		